

# HÚSÖNDIN

79.tbl. 2.árg.  
18.september 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 19.-25.SEPTEMBER



- 20.9 Héðinn Sverrisson, Leifur Hallgrímsson  
22.9 Ásgerður Björnsdóttir  
23.9 Sigríður Guðmundsdóttir, Emelíana Brynjúlfsdóttir  
25.9 Helga Guðrún Egilsdóttir



## Íbúasamráð vegna fjárhagsáætlunar



Sveitarstjórn hefur samþykkt að bjóða íbúum upp á að senda inn sínar ábendingar/tillögur vegna fjárhagsáætlunargerðar sem gætu stuðlað að aukinni hamingju íbúa sveitarfélagsins. Ábendingarnar geta verið af margvíslegum toga en eru fyrst og fremst hugsaðar fyrir minni verkefni.

Ábendingarnar getað varðað ýmislegt í nærumhverfi svo sem opin svæði, leiksvæði, íþróttasvæði, bætingu á lýsingu o.fl. Einnig ábendingar um umferðarmál, sorpmál, frístundir, menningarmál, hagræðingar í starfsemi sveitarfélagsins, nýjum verkefnum sem sveitarfélagið ætti að sinna eða verkefnum sem leggja þarf áherslu á í starfsemi okkar til að stuðla að aukinni hamingju íbúa. Sveitarstjórn mun fara yfir þær ábendingar sem berast frá íbúum við gerð fjárhagsáætlunar.

Ábendingarnar skal senda í gegnum heimasíðu Skútustaðahrepps, [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)

Freysteinn Sigmundsson vísindamaður Jarðvísindstofnunar HÍ  
mun flytja erindið:

## Nýjustu fréttir úr Kröflueldstöðinni

Skjólbrekku

Föstudaginn 20. september kl. 19:30

Kröflueldstöðin heldur áfram að að vera í sviðsljósi jarðvísindamanna. Þó allt sé með kyrrum kjörum í eldstöðvakerfinu í dag þá beinast sjónir vísindamanna að Kröflu vegna möguleikans á að bora þar ofan í bráðna bergkviku í rannsóknaskyni, til að auka almennan skilning á hegðun eldfjalla og tengslum bergkviku og jarðhita. Freysteinn Sigmundsson á Norræna eldfjallasetrinu, Jarðvísindastofnun HÍ fjallar um líkön af innviðum eldfjalla, jarðskorpuhreyfingar í Norðurgosbeltinu og hugmyndir um alþjóðlega rannsóknamiðstöð í jarðhita- og eldfjallafræðum í Kröflu (Krafla Magma Testbed).

Erindið verður um 45 mínútur og í kjölfarið verða umræður  
með léttum veitingum í boði og bjór til sölu (enginn posi)



Gísli Rafn mun keyra frá Kjörbúðinni Reykjahlíð kl. 19:00 og til baka kl. 21:00, með stoppi í Vogum, verð 2000 kr. manninn (enginn posi). Ef þig vantar far, vinsamlegast skráðu þig fyrir föstudaginn í síma 865-0813 eða með tölvupósti á [helgi.arnar@gmail.com](mailto:helgi.arnar@gmail.com).

Hlökkum til að sjá ykkur  
Helgi og Júlía

Geochemij



MÝVATN VOLCANO PARK

Vilborg Arna pólfari



# 8848 ástæður til þess að gefast upp

Fyrirlestur í Skjólbrekku sunnudaginn 29. sept. kl. 17:00 – Ókeypis aðgangur

Vilborg Arna rekur leiðangurssögu sína og segir frá því hvernig hún hefur yfirstigið hindranir, haldið út í erfiðum aðstæðum og tekist á við sorg sem og sigra. Þetta er einlæg frásögn og á erindi við alla sem þurfa að takast á við áskoranir, mótlæti eða vilja bæta árangur sinn.

[www.vilborg.is](http://www.vilborg.is) - Skútustaðahreppur er Heilsuefandi samfélag – Fyrirlesturinn er styrkur af Lýðheilsusjóði





## Hvað getur ein fjölskylda gert?

Dagfríður Ósk mun koma og flytja erindi um vistvænan lífstíl í Skjólbrekku 19. september kl: 20:00.



FÓTSPOR TIL FRAMTÍÐAR



Þekkingarnet  
Þingeyinga

Dagfríður og fjölskylda hennar hafa breytt venjum sínum í þeim tilgangi að minnka kolefnisspor hins daglega lífs í þágu umhverfisins. Þau halda úti instagram reikningnum #hvaðgetureinfjölskylda og deila þar ýmsum lausnum sem stuða að umhverfsvænni lífstíl. Viðburðurinn er haldinn í samstarfi við samfélagsverkefnið Fótspor til framtíðar.

## Viðburðadagatal Mývatnssveitar í september

- 18. sept. kl. 18.00 - Lýðheilsuganga - Stakhólstjörn
- 19. sept. kl. 20.00 - Hvað getur ein fjölskylda gert?
- 20. sept. kl. 19.30 - Vísindin heim
- 21.sept. kl. 14.00 - Haustplokk - Alheimshreinsunardagur
- 25. sept. kl. 18.00 – Lýðheilsuganga - Fagraneshringur
- 26. sept. kl 20.00 - Menningarspjall I
- 29. sept. kl. 17.00 - „8848 ástæður til þess að gefast upp“
- 30.sept. kl.20.00 - Gong slökun

Sjá nánar í viðburðadagatali á [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is) og [www.visitmyvatn.is](http://www.visitmyvatn.is)

**NÝTT aðalsímanúmer hreppsskrifstofu:**

**464 6660**

Við erum að fara í stafrænt símkerfi sem gerir okkur og vonandi ykkur líka hamingjusamari!

Frá og með föstudeginum 13. september breytist aðalnúmer á hreppsskrifstofunni:

Bein númer:

464 6660 Aðalnúmer hreppsskrifstofu

464 6663 Skrifstofustjóri

464 6664 Skipulagsfulltrúi

464 6665 Skrifstofufulltrúi

464 6666 Sveitarstjóri



Skútustaðahreppur

Opnunartími hreppsskrifstofu:

Mánudaga til fimmtudaga kl. 9-12 og 13-15

Föstudaga kl. 9-12

Viðtalstími skipulagsfulltrúa:

Mánudaga til fimmtudaga frá kl. 11:00-12:00.



# Gjallandi

## Stutt menningarspjall I

Skjólbrekka

26.september kl 20



Hittumst með upphaldsbók sumarsins og sjáum einnig brot úr mynd sem verið er að vinna um eldri Mývetninga.



FÓTSPOR TIL FRAMTÍÐAR

## Alheimshreinsunardagur – World Cleanup Day

Næsta laugardag 21. september verður alheimshreinsunardagur (e. World Cleanup Day) og í tilefni þess efnir Fótspor til Framtíðar til Haustplokks í Mývatnssveit.

Hist verður klukkan 14:00 fyrir framan skrifstofu Skútustaðahrepps og gengið um Reykjahlíð og nágrenni.

Vilji fólk plokka sitt nærumhverfi utan Reykjahlíðar er það endilega hvatt til þess og getur deilt myndum af deginum inn á viðburðinum á Facebook. Allir plokkarar velkomnir í hressingu!

Hægt verður að fá máispoka, best væri þó ef hver og einn myndi plokka í fjölnota poka, koddaver eða sængurver og mikilvægt er að muna eftir garðhönskum og klæða sig eftir veðri.

Boðið verður upp á hressingu að plokki loknu kl 15:00 :)

Next saturday the 21st of September is the World Cleanup Day and for that reason people are encouraged to join us on a cleanup of Reykjahlíð and it's surroundings.

The cleanup starts at 14:00 and the meeting point is in front of the office of Skútustaðahreppur.

We encourage people to clean up the area they live in even if they cannot attend the Reykjahlíð cleanup. It would be fun if pictures of other cleanups could be shared on the page of the event :)

Biodegradable bags will be offered, but best is to use reusable bags, pillow cases or duvet covers and garden gloves to protect our hands.

After the event there will be refreshments for all volunteers at 15:00 :)

**Frír profutími**  
(ef þú hefur ekki komið áður)

Valērija Kiškurno  
Zumba leiðbeinandi 8634436

Ingibjörg Helga Jónsdóttir  
Zumba leiðbeinandi 8219404

# Zumba

## 1.okt - 30.nóv



# ZUMBA

Þri. og fim kl.16:30

Lau. 10:00 (5.okt, 2., 16., 30.nóv)

Allt námskeiðið: 22.000,-

10 skipti: 12.000,-

1 skipti: 1.500,-

ÍMS - Íþróttamiðstöðin  
660 Mývatn

Skráning á [ingibjorghj@gmail.com](mailto:ingibjorghj@gmail.com)

# Frá Velferðasjóði Þingeyinga

Lífið er margslungið og best þegar allt leikur í lyndi, sólin skín og allir eru frískir. Ekki er þó alltaf svo og þá þarf að bregðast við. Hjálpa meðbræðrum okkar og systur, sem eru í vandræðum. Í desember 2008 var Velferðasjóður Þingeyinga stofnaður til að styðja við bakið á fjölskyldum og einstaklingum, sem átti um sárt að binda á starfsvæði Félagsþjónustu Norðurþings. Þar voru Þingeyjarsýslurnar báðar undir. Öll störf fyrir sjóðinn eru unnin launalaust. Velferðasjóðurinn er líknarsjóður og getur hver sem er stutt sjóðinn með framlögum. Sjóðurinn er alfarið fjármagnaður með frjálsum framlögum. Núna er farið að grynna í sjóðnum og því leitum við til ykkar áður en allt verður uppurið. Það fer svona um milljón á ári til styrkveitinga svo við sem höfum með sjóðinn að gera þurfum að vera vakandi til að halda honum lifandi svo að hann geti áfram rækt hlutverk sitt. Við biðjum ykkur að bregðast vel við og láta rakna fé til sjóðsins.

Sjóðurinn er með bankareikning nr. 1110-05-402610 og kennitalan er 600410-0670

Með fyrirfram þökk og við í stjórn sjóðsins þökkum fyrir stuðninginn!  
sr. Örnólfur á Skútustöðum í Mývatnssveit (formaður sjóðsins.)

## Dósasöfnun

Nemendur í 8. - 10. bekk Reykjahlíðarskóla verða með dósasöfnun í næstu viku. Safnað verður mánudag og þriðjudag (23.-24. maí).

Vinsamlega setjið pokana með dósnum og flöskum við útidyrnar hjá ykkur ef þið verðið ekki heima á þessum tíma

og viljið að þeir verði sóttir.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Nemendur



Stundatafla íþróttahúss veturinn 2019-2020

Opnunartími ÍMS er mán - fim frá kl. 9:00-19:30 og lau frá kl.09:00-15:00. Opnunartími fyrir lykilkorthafa er 05:30-23:00 alla daga.

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Kl.	Laugardagur
09:25-10:05	Íþróttir eldri borgara	Leikskóli 9:00-10:00	Skóli	Leikskóli 9:00-10:00	09:00-10:00	Íþróttaskóli leikskólabörn
10:10-10:50	Skóli	Skóli		Skóli	10:00-11:00	Cross-training /zumba
11:05-11:45					11:00-12:00	
11:50-12:30					12:00-13:00	
12:30-13:00	Ganga í sal - opinn tími	Ganga í sal - opinn tími	Ganga í sal - opinn tími	Ganga í sal - opinn tími	13:00-13:30	
13:00-13:40	Skóli	<del>Drif í sal</del>	Skóli	Skóli	13:30-15:00	Boccia fullorðnir
13:45-15:10	Íþróttaskóli 1.-4.b	Hreysti 8.-10.b	Íþróttaskóli 1.-4.b	Frístund 1.-7.b		
15:10-16:30	Blak krakkar 6.-10.b			Dans 1.-7.b		
16:30-17:30	<del>Drif í sal</del>	Zumba		Zumba		
17:30-18:30	Cross-training	Blak konur <b>17:30-19:00</b>	Cross-training	Blak konur <b>17:30-19:00</b>		
18:30-19:00			Jóga			
19:00-20:30	Blak karlar	Fótbolti fullorðnir		Fótbolti fullorðnir		



Æfingar Mývetnings hefjast mánudaginn 16. september. Dansæfingar hefjast fimmtudaginn 26. september og verða þær æfingar annan hvern fimmtudag. Ekki er búið að skipuleggja tíma Mývetnings á þriðjudögum og miðvikudögum en það er í vinnslu að hafa taekwando, fótbolta, körfubolta og skíðaæfingar á þessum tímum. Þetta verður því mjög fjölbreytt og biðjum við ykkur að fylgjast vel með facebook síðu félagsins til að sjá nánara skipulag þegar það liggur fyrir en stefnt er að því að hefja einhverjar æfingar strax í október. Jóhanna Jóna Þjálfar blak, Marge Neissar Þjálfar dans og Sandra Haralds Þjálfar íþróttaskóla og frístund grunnskólans og íþróttaskóla leikskólabarna.

Íþróttaskóli leikskólabarna byrjar laugardaginn 12. október og verður annan hvern laugardag. Öll leikskólabörn velkomin með foreldrum en ætlast er til að foreldrar taki líka þátt í þessum tímum. Boccia á laugardögum er opinn tími þar sem áhugasamir eru hvattir til að mæta og spila saman boccia.

Blak karla á mánudagskvöldum er opið öllum körlum sem hafa áhuga á að prófa blakíþróttina. Æfingarnar eru undir stjórn Kristins Björns. Fótbolti fullorðinna á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum er opinn tími fyrir alla þá sem vilja koma og spila fótbolta. Fyrir þessa tíma þarf að eiga klippikort að íþróttasalnum. Sandra Haraldsdóttir er með cross-training sem er þegar byrjað og munu svo Valerija og Ingibjörg Helga byrja með zumba námskeið í byrjun október. Cross-training og zumba verða svo til skiptis á laugardögum kl.10:00-11:00. Þá laugardaga sem það er cross-training er líka íþróttaskóli leikskólabarna. Fyrir cross-training og zumba þarf að borga æfingagjöld, þjálfarar eru með nánari upplýsingar um það. Einnig má hafa samband við starfsfólk ÍMS til að fá frekari upplýsingar um námskeiðin og til að bóka tíma í íþróttasalnum.



Trainings for Mývetningur start on Monday the 16th of September. Dance practices will start on Thursday the 26th of September, they will be on Thursdays but only every other week. We have yet to fill the available spots we have left on Tuesdays and Wednesday, we are working on a schedule with for example Taekwando, Football/Soccer, Basketball and Skiing practice. This fall will be full of diversity and we ask you to keep an eye on our facebook page for the full schedule when it is ready. We are aiming to start some practices in October. Jóhanna Jóna will train Volleyball and Marge Neissar run the Dancing practices. Sandra Haralds will train the sports schools for both school children and children from the kindergarten. The sport school for children in kindergarten will be every other Saturday and starts on the 12th of October. All children in kindergarten are welcome but it expected of the parents to participate in the class. Open classes for Boccia will be on Saturdays where everyone interested are encouraged to attend and play Boccia.

Volleyball for men on Monday evenings are open for every man who wants to try playing Volleyball. Kristinn Björn will be the trainer for the mens Volleyball classes. Football/Soccer on Tuesday and Thursday evenings are open for everyone who want to play football together. For these classes people need to own a clipping card for the gymnasium. Sandra Haralds has Cross-training classes which have already started. Valerija and Ingibjörg Helga will manage a Zumba class in October and November. Cross-Training and Zumba will then take turns for classes on Saturdays at 10:00-11:00. The sports school for children in kindergarten are same Saturdays as Cross-training. For Cross-Training and Zumba it is necessary to pay practice fee, you can contact the trainers for more information about that. It is also available to contact the staff of ÍMS to get more information about those classes and to book a time in the gymnasium.

